



AÐ HEFJAST HANDA **ICOM**


ICOM í hnotskurn

Þetta tæki er hannað til að stofna til öruggrar tengingar og notkunar með ýmsum búnaði fyrir Internet hlutanna (IoT). Þó svo að tækið liti út eins og farsími styður það ekki almenna farsímaþjónustu, svo sem raddsímtöl, heldur greiðir aðeins fyrir þeirri notkun sem það er hannað fyrir.

Útgáfa gerðar: CTGED02 CommuniTake ICOM

Hugbúnaðarútgáfa: Android 9.0

INNTAK: Beinstraumur 5,0V/1,0A



- | | | | |
|----|---------------------|-----|----------------------------|
| 1. | Tengi fyrir eyratól | 8. | Stjórnhnappur hljóðstyrks+ |
| 2. | Nándarskynjari | 9. | Stjórnhnappur hljóðstyrks- |
| 3. | Myndavél á framhlið | 10. | Kveikja/slökkva |
| 4. | Móttökubúnaður | 11. | Myndavél á bakhlið |
| 5. | Hljóðnemi | 12. | Flassljós |
| 6. | USB-tengi | 13. | Fingrafaraskynjari |
| 7. | Hátalari | | |

Kveikja/slökkva

Til að kveikja á tækinu skal ýta á ræsihnappinn og halda honum niðri þar til kviknar á skjánum.

Til að slökkva á tækinu skal ýta á ræsihnappinn og pikka svo á Power Off (slökkva á tæki). Til að þvinga endurræsingu tækisins skal ýta á ræsihnappinn og pikka svo á Reboot (Endurræsa).

Að setja SIM/SD-kort í

1. Slökkvið á fartækinu og takið það úr sambandi.
2. Takið bakplötuna af með því að nota grópina á hlið símans.
3. Fjarlægið rafhlöðuna.
4. Setjið SIM-kortið í og látið gylltu flísina snúa niður.
5. Setjið SD-kortið í (fylgir ekki með) og látið gylltu flísina snúa niður.
6. Setjið rafhlöðuna í og tryggjið að skautin séu samsíða.
7. Setjið bakplötuna aftur á.




Fylgið leiðbeiningunum á eftirfarandi skýringarmyndum til að setja tækið upp.

Notið ekki klippt eða breytt SIM- eða SD-kort með tækinu þar sem þau gætu verið óviðeigandi og skemmt kortaraufina.

Setjið hvorki SIM- né SD-kortið í þegar tækið er í sambandi við rafmagnsinnstungu þar sem slíkt gæti skemmt SIM- eða SD-kortið.

Tækið styður aðeins tvö kort, tvær biðstöður og stakan aðgang sem þýðir að þú getur ekki notað gagnþjónustu beggja SIM-kortanna samtímis.

Þegar þú notar gagnþjónustu fyrsta SIM-kortsins, verður gagnþjónusta annars SIM-kortsins gerð óvirk. Stakur aðgangur hjálpar þér að minnka eyðslu rafhlöðunnar og eykur vökutíma tækisins. Þetta tengist ekki netkerfisskilyrðum símafyrirtækisins.



Leiðbeiningar um tengingu

Gagnatenging

Í aðalvalmyndinni skal smella á Stillingar, og svo Nettenging og internet.

Smelltu á SIM-kort og veldu SIM-kort.

Pikkaðu á Farsímagögn til að velja SIM-kort gagnatengingar.

Til að slökkva á gagnatengingu skal pikka til vinstri við stjórnhnappinn hjá SIM-rauf 1 eða 2.

Athugaðu: Gagnatenging þarfnast þess að SIM-kort sé í tækinu.

Þráðlaus tenging

Í aðalvalmyndinni skal smella á Stillingar, og svo Nettenging og internet.

Smelltu á stjórnhnapp þráðlausrar tengingar til hægri til að kveikja á og leita að netkerfi.

Til að slökkva á þráðlausri tengingu skaltu smella á stjórnhnapp þráðlausrar tengingar til vinstri .

Til að bæta földu SSID-netkerfi við:

Pikkaðu á Stillingar, svo Nettenging og internet, og Þráðlaus tenging.

Pikkaðu á Bæta netkerfi við.

Færðu inn SSID í viðkomandi reit.

Pikkaðu á Ítarlegir valkostir.

Í Falin netkerfi skaltu breyta Nei í Já.

Bluetooth

Í aðalvalmyndinni skal smella á Stillingar, og svo Tengd tæki.

Pikkaðu á Para nýtt tæki til að leita að öðrum Bluetooth-tækjum.

Paraðu það tæki sem þú vilt.

Pikkaðu á stjórnhnapp Bluetooth til vinstri til að slökkva á tækinu.

Upplýsingar um útsetningu fyrir fjarskiptatíðni

Þetta tæki var prófað og uppfyllir gildandi takmörk fyrir útsetningu fyrir fjarskiptatíðni.

Eðlisgleyfnihraði (SAR) vísar til þess hversu hratt líkaminn gleypir í sig fjarskiptatíðniorku. Takmörk eðlisgleyfnihraða eru 1,6 vött fyrir hvert kíló líkamsþyngdar í löndum sem setja meðalmörk við rúmlega 1 gramm af líkamsvef og 2,0 vött fyrir hvert kíló líkamsþyngdar í löndum sem setja meðalmörk við rúmlega 10 grömm af líkamsvef.

Þetta tæki var prófað til að ákvarða eðlisgleyfnihraða fyrir hverja bandlengd. Bandlengdir fara eftir netkerfum þjónustuveitenda.

Hæstu gildi eðlisgleyfnihraða fyrir gerðina CTGED02 (CommuniTake ICOM) eru sem hér segir:

Takmörk eðlisgleyfnihraða eru 2,0 W/kg (rúmlega 10 g)

Höfuð: 0,658

Líkami: 0,829

Tíðnibönd og afl

1. Tíðnibönd sem fjarskiptabúnaðurinn virkar á:

Vera má að sum bönd séu ekki tiltæk í öllum löndum eða á öllum svæðum.

Hafið samband við viðkomandi símafyrirtæki til að fá nánari upplýsingar.

2. Hámarksafll fjarskiptatíðni sem sent er um

tíðnibönd sem fjarskiptabúnaðurinn virkar á: Hámarksafll fyrir öll bönd er undir hæsta marki sem greint er frá í samræmdum stöðlum. Nafnmörk tíðnibanda og sendistyrks (við útgeislun og/eða leiðni) sem gilda um þennan fjarskiptabúnað eru sem hér segir:

GSM-bönd 2,3,5,8: 23.17-27.52dBm

WCDMA-bönd 1,2,8: 15.92-17.85dBm

LTE-bönd 1,3, 5, 7, 8, 20, 28A, 28B, 40: 14.3-19.14dBm

Þetta tæki styður ekki raddsímtöl.

Vörn tækisins

Mælt er með að vernda efni tækisins með aðgangsorði. Hafðu samband við símafyrirtækið til að fá upplýsingar um rakningu tækisins og stöðvun þjónustu.

Öryggisupplýsingar

Vera má að tækið heyrir undir notkunartakmarkanir eftir netkerfum.

Ef öryggi tækisins er stofnað í hættu verður að taka tækið samstundis úr notkun.

Til að koma í veg fyrir heyrnarskaða skal ekki hlusta á efni á miklum hljóðstyrk í langan tíma.

Notkun óvottaðs eða ósamhæfðs millistykks, hleðslutækis eða rafhlöðu getur skemmt tækið, stytt líftíma þess eða valdið eldsvoða, sprengingu eða annarri hættu.

Til að koma í veg fyrir að hlutir eða innri rafrásir tækisins skemmist skal ekki nota tækið á rykugum, reykmiðum, rökum eða óhreinum stöðum eða nálægt segulsviðum.

Þegar tækið er í hleðslu skal tryggja að millistykkinu sé stungið í innstungu sem er auðveldlega aðgengileg og stutt frá tækinu.

Tæki hleðslutækisins er sambandi við tækið og innstunguna þegar tækið er ekki í notkun.

Besti notkunarhitinn er 0 °C til 35 °C. Besti geymsluhitinn er -20 °C to +45 °C.

Framleiðendur gangráða mæla með því að a.m.k. 15 cm séu á milli tækisins og gangráðsins til að koma í veg fyrir truflanir á gangráðinum. Ef gangráður er notaður skal halda tækinu gagnstætt gangráðnum. Geymið tækið ekki í brjóstvasa.

Haldið tækinu og rafhlöðunni fjarri miklum hita og beinu sólarljósi. Setjið ekki á eða í tæki sem notuð eru til hitunar, svo sem örbylgjuofna, helluborð eða ofna.

Fylgið staðbundnum lögum og reglugerðum við notkun tækisins.

Til að minnka slyshættu skal ekki nota þráðlaus tæki við akstur.

Ef ferðast er með flugvél eða rétt fyrir brottför skal aðeins nota tækið í samræmi við þær leiðbeiningar sem gefnar eru upp.

Notið ekki, geymið eða flytjið tækið á stað þar sem eldfim eða sprengifim efni eru geymd (á bensinstöð, olíugeymslustöð eða efnavinnslustöð til dæmis). Slökkvið á tækinu á stað þar sem andrúmsloftið gæti verið

sprengifimt og fylgið öllum merkjum og leiðbeiningum.

Röng notkun rafhlöðunnar gæti leitt til eldsvoða, sprengingar eða skapað aðra hættu.

Hafið samband við lækni og framleiðanda tækisins til að

ákvarða hvort notkun símans geti truflað

notkun lækningatækisins.

Fylgið öllum reglum eða reglugerðum sem sjúkrahús og

heilsuvenndarstofnanir gefa út.

Samræmi

CommuniTake Technologies Inc. lýsir því hér með yfir að þetta tæki er í samræmi við kröfur og önnur viðeigandi ákvæði tilskipunar nr. 2014/53/ESB.

Nýlegustu gildu útgáfuna af

Samræmisýfirlýsingu er hægt að finna á <https://www.intactphone.com/certification>.

Þetta tæki má nota í öllum aðildarríkjum ESB.

Fylgið lands- og staðarbundnum reglugerðum þar sem tækið er notað.

	BE	BG	CZ	DK	DE	EE	IE
	EL	ES	FR	HR	IT	CY	LV
	LT	LU	HU	MT	NL	AT	PL
	PT	RO	SI	SK	FI	SE	UK

Upplýsingar um förgun og endurvinnslu

Fargið tækinu, rafhlöðunni og fylgihlutum

í samræmi við staðbundnar reglugerðir. Þeim skal ekki farga með venjulegu

heimilisrusli.

IMEI

IMEI-númer tækisins er að finna á eftirfarandi stöðum:

(1) Á merki öskjunnar; (2) Á merki tækisins; (3) Með því að hringja í * # 0 6 # (stjarna, kross, núll, sex, kross).

Leiðbeiningar og aðstoð

Efnisinnihald gæti verið öðruvísi en í endanlegri vöru eða hugbúnaðinum sem veittur er af þjónustuveitendum og getur breyst fyrirvaralaust.

Þeir hlutir sem fylgja með tækinu gætu verið breytilegir eftir svæði eða þjónustuveitanda. Uppfærslur á hugbúnaði eru gerðar af framleiðanda til að leiðrétta villur eða bæta eiginleika tækisins eftir að það er markaðssett. Allar hugbúnaðarútgáfur sem framleiðandi gefur út eru sannprófaðar og í samræmi við viðeigandi reglur. Breytur fjarskiptatíðni eru ekki aðgengilegar notanda og þeim er ekki hægt að breyta.

Vantar þig aðstoð?

Ef þú vilt skoða þessar leiðbeiningar á fleiri tungumálum eða ef vandamál koma upp við notkun tækisins og ef því er stolið eða komið í hendur rangs aðila, geturðu farið á

<https://www.intactphone.com/support> til að skoða upplýsingar um tækið, algengar spurningar og aðrar upplýsingar.

Lagaleg tilkynning - Vörumerki og leyfi

Android™ er vörumerki í eigu Google Inc.

LTE er vörumerki í eigu ETSI. Bluetooth® orðamerkið og myndmerki þess eru skráð vörumerki í eigu Bluetooth SIG, Inc. Wi-Fi®, myndmerkin Wi-Fi CERTIFIED og Wi-Fi eru vörumerki í eigu Wi-Fi Alliance.

Öll önnur vörumerki og útgáfuréttur eru í eigu viðkomandi eigenda.

Persónuverndarstefna

Til að skilja betur hvernig við verndum

persónuupplýsingarnar þínar skaltu lesa persónuverndarstefnuna á

<https://www.intactphone.com/privacy-policy>.

Allar myndir og skýringarmyndir í þessum leiðbeiningum, þar með talið þó ekki takmarkist við, lit, stærð og birtingarefni tækisins, eru aðeins til viðmiðunar. Varan gæti litið öðruvísi út. Skjal þetta er ekki ábyrgð af nokkru tagi, hvort sem hún er tekin skýrlega fram eða gefin í ljós.